

Söngstund

haustlög

Hæ, góðan dag

Hæ, góðan dag
Hello, guten Tag.
Welcome X4
Benos dias
Ví, ví
Kop, kun ka
Tjá, bon sang
Djen dobre

Stafrófsvísur Þórarins Eldjárns

A, á, b, d, ð, e, é
f, g, h, i, í, j, k.
L, m, n, o, ó og p
eiga þar að standa hjá.

R, s, t, u, ú, v næst
x, y, ý, svo þ, æ, ö.
Íslenskt stafróf er hér læst
í erindi þessi skritin tvö.

Sérhljóðavísur (á sprengisandi)

A, á, e, é, i, í, o, ó,
u, ú, y, ý, æ, ö

Daga og mánaðavísur

Nemendur og starfsfólk rétta upp
hönd í þeim mánuði sem þeir
eiga afmæli.

AFMÆLISSÖNGUR

Lag: Atli Heimir Sveinsson Texti: Þórarinn Eldjárn

Afmæli þú átt í dag út af því við syngjum lag.
Sama daginn sem er nú sannarlega fæddist þú
:Til hamingju með heilladaginn þinn
heillakarlinn minn/heillakerlingin:
Allt þér gangi vel í vil, vertu áfram lengi til,
Allt þér verði hér í hag.
Höldum upp á þennan dag.
:Til hamingju með heilladaginn þinn
heillakarlinn minn /heillakerling:

10 – vina söngur

(Meistari Jakob)

10 og 0
9 og 1
8 og 2, 8 og 2
7 og 3
6 og 4
5 og 5, 5 og 5

Ljúfa Anna

Ljúfa Anna láttu mig vissu fá
þú ein getur læknað mín hjarta sár.
Í kvöld er ég sigli á sænum
í svala ljúfa blænum
æ komdu þá svo blíð á brá
út í bátinn mér einum hjá.

Úti' um mó

Lag: enskt lag
Texti: Friðrik Guðni Þorleifsson

Út um mó, inn í skóg,
upp í hlíð í grænni tó.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Tína þá berjablá,
börn í lautu til og frá.
Þar sem litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Könguló (rapp)

Könguló, könguló
bentu mér á berjamó.
Fyrir bláa berjabúfu
skal ég gefa þér gull í skó,
húfu græna, skarlatskikkju,
skúf úr silki' og dillidó.

Söngstund

haustlög

Kisutangó

Lag / texti: erlent lag / Magnús Pétursson

Mín kisa á vökul eyru
og veiðihár og rófu
og viðkvæmt lítið trýni
hún sleikir oft og þvær.
Hún unir dátt við leiki
og aldrei sýnir klær
og engin kisa í heimi
á svo fimar tær.

Viðlag

Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
hún teygir sig og reigir
og er svo fött og brött.
Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
ég trúað gæti að margir vildu eiga slíkan kött.
Tra lalalalala mjáááá.

Haustvísur

Allt fram streymir endalaust,
ár og dagar líða.
Nú er komið hrímkalt haust,
horfin sumarblíða.

Fölna grös, en blikna blóm,
af björkum laufin detta.
Dauðalegum drynur róm
dröfn við fjarðar kletta.

Skýin

Við skýin felum ekki sólina af illgirni.
Við skýin erum bara að kíkja á leiki mannanna.
Við skýin sjáum ykkur hlaupa, úúúúps, í rokinu
klædd gulum, rauðum, grænum,
bláum regnkápum.
Eins og regnbogi meistarans,
regnbogi meistarans.
Við skýin erum bara grá, bara grá.
Á morgun kemur sólin,
hvar verðum við skýin þá?

Spilverk þjóðanna

Það er gott að lesa (Það er gott að elska)

Lag og texti Bubbi Mortens

Það var einn góðan vetrardag,
Við gleymdum stund og stað,
Gagntekinn af nýrri veröld
Sem máluð var á blað.
Við vorum stödd á skrýtnum stað,
á furðulegri strönd,
hvar fiskar höfðu bláa fætur
og í fangi blómavönd.

Það er gott að lesa (X3)
fyrir barn eins og þig.

Bókin stækkar veröld þína
og auðgar unga sál.
Í heimi hugans eflist vitund
um okkar móðurmál,
hugmyndir og lykjar sem
þar opnar nýjar dyr.
Þá hugaraflíð brunar áfram
með í seglum ljúfan byr.

Það er gott að lesa (X3)
fyrir barn eins og þig.

Degi tekur brátt að halla,
við kúrum með bók í hönd.
Laus við dagsins dægurþras,
laus við grámans bönd.
Í heimi bókar örvast andinn
og barnið finnur svar,
pabbi og mamma,
afi og amma lesa líka þar.

Það er gott að lesa (X3)
fyrir barn eins og þig.

Það er gott að lesa (X3)
fyrir barn eins og þig.